

**Nd.**

**58. Framvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 56 frá 15. júní 1926, um notkun bifreiða.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson, Magnús Torfason,  
Jörundur Brynjólfsson og Árni Jónsson.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, og breytist tala síðari greina samkvæmt því, svo hljóðandi:

Atvinnumálaráðherra löggildir 3 skoðunarmenn bifreiða fyrir Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu og Rangárvallasýslu, og er heimilt að löggilda einn skoðunarmann í hverju hjeraði öðru, þar sem bifreiðar ganga. Skulu skoðunarmenn vera reyndir, starfandi bifreiðastjórar, er rjett hafi til að stýra leigubifreið til mannflutninga. Þeim skal skylt fyrirvaralaust öðruhverju að skoða allar bifreiðar í umdæminu og athuga ökuskirteini bifreiðastjóra, og ekki sjaldnar en einu sinni á ársfjórðungi hverjum. Skoðunarovottorð bifreiðarinnar skal fest upp í henni, og áritar skoðunarmaður það eftir hverja skoðun.

Bifreiðareigandi greiðir 10 kr. árlegt gjald fyrir skoðanir til lögreglustjóra, og skiftist sú upphæð milli skoðunarmanna, eftir reglum, sem atvinnumálaráðherra setur. Skoðunarmenn fá erindisbrjef hjá atvinnumálaráðherra, og skal þeim skylt að gera lögreglustjóra aðvart, ef bifreiðar fullnægja ekki ákvæðum laga og reglugerða, eða ökuskírteinum bifreiðarstjóra er í einhverju áfátt.

#### Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram komið vegna áskorana Bifreiðastjórafélags Íslands og almennra óska bifreiðastjóra á Suðurlandi.

Skoðun bifreiða er nú framkvæmd aðeins einu sinni á ári og lætur lögreglustjóri, samkv. heimild í 4. gr. l. nr. 56 frá 15. júní 1926, gera það, en skoðunin kostar 6 kr. fyrir vagninn. Aftur á móti mun lítt að því gætt, hvort bifreiðastjórar hafi ökuskírteini sín í lagi eða ekki.

Nú er það algengt, að hemlar eða stýri bifreiða o. fl. sje í ólagi að meira eða minna leyti, og er það fullyrt af bifreiðastjórum, að flest bifreiðaslys, sem fyrir koma, t. d. slysin í Kömbum, stafi af þessum ástæðum. En eins og skoðun er nú framkvæmd, aðeins einu sinni á ári og þannig, að bifreiðaeigendur og bifreiðastjórar hafa fyrirvara til að laga bilanir, kemur hún ekki að fullu gagni. Ennfremur má geta þess, að oft stýra nú menn bifreiðum, sem engin ökuskírteini hafa, og bifreiðum til mannflutninga stýra bifreiðastjórar, sem aðeins hafa rjett til að stýra bifreiðum til vöruflutninga, en vantar viðbótarskírteini, eins og sjá má af því, að af um 800 manns, sem tekið hafa bifreiðastjórapróf, hafa aðeins um 40 fengið viðbótarskírteini til að stýra bifreiðum til mannflutninga, en rúmlega 200 bifreiðar til mannflutninga ganga á þessu svæði. Til þess að tryggja öryggi farþega og bifreiðarnar sjálfar fyrir alvarlegum skemmdum, er nauðsynlegt að hafa sjerstaka hæfa menn til að skoða bifreiðarnar og athuga ökuskírteinin og bifreiðastjórar viti, að ávalt sje öðruhverju og fyrirvaralaust von á skoðunarmanni, er gangi eftir því, að lögum og reglugerðum sje fylgt.

Árgjaldið, 10 kr., fyrir skoðanirnar telja bifreiðastjórar nægilegt. Bifreiðar í Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu og Rangárvallasýslu eru um 450, svo að skoðunargjald yrði alls, til skifta fyrir 3 skoðunarmenn, nálægt 4500 kr.